

# ÞRÓUNARSJÓÐUR INNFLYJTJENDAMÁLA

Háskóla­setur Vestfjarða f.h.  
Velferðarráðuneytis  
Suðurgötu 12  
400 Ísafjörður  
Ísland

## Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði innflytjendamála

### 1. Heiti verkefnis: Söguskjóður

### 2. Umsækjandi Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar

Nafn	Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar		
Kennitala	6205982089		
Heimilisfang	Ráðhúsi Dalvíkur		
Starf			
Stofnun			
Sími	4604915	Farsími	6927348
Netfang	helgabjort@dalvikurbyggd.is		

### 3. Framkvæmdaraðili (ef annar en umsækjandi)

Nafn	Helga Björt Möller		
Kennitala	2002773689		
Starf	Kennsluráðgjafi	Sími	4604915
Netfang	helgabjort@dalvikurbyggd.is	Farsími	6927348

### 4. Samstarfsaðilar og/eða aðrir þátttakendur

Nafn	Starf	Stofnun	Netfang
Drífa Þórarinsdóttir	Leikskólastjóri	Leikskólinn Krílakot	drifa@dalvikurbyggd.is
Steinunn Guðnadóttir	Aðstoðarleikskólastjóri	Leikskólinn Kátakot	steinunn@dalvikurbyggd.is
Björn Gunnlaugsson	Skólastjóri	Dalvíkurskóli	bjorn@dalvikurbyggd.is

**5. Útdráttur:** Stutt lýsing á verkefni og helstu niðurstöðum, til birtingar á [www.uwestfjords.is](http://www.uwestfjords.is) (250-300 orð)

**Heiti verkefnis:** Söguskjóður

**Nafn styrkþega:** Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar

**Útdráttur:**

Í skólunum á Dalvík hefur verið áhugi á að efla enn frekar almenn tengsl skóla við foreldra og ekki síst foreldra af erlendum uppruna en það er alþekkt að jákvæðni og stuðningur foreldra skiptir lykilmáli í skólagöngu barna. Fulltrúi sveitarfélagsins kynnti sér foreldraverkefni sem unnið er að í Hollandi með góðum árangri. Í kjölfarið var ákveðið að fara af stað með foreldraverkefnið Söguskjóður í tveimur leikskólum sveitarfélagsins og síðar í einum grunnskólanum, að hluta til að hollenskri fyrirmynd. Verkefnið er ætlað öllum foreldrum sem eru tilbúnir í þátttöku, bæði íslenskum og erlendum en sérstök áhersla er á að auglýsa og kynna verkefnið vel erlendum foreldrum.

Verkefnið hefur margþætt markmið:

- það eykur tengsl foreldra við leikskóla/grunnskóla og eflir öryggi foreldra í sambandi við starf skólanna
- það ýtir undir að foreldrar kynnist sín á milli, uppgötvi nýjar hliðar hvers annars og að þeir blómstri í starfi með leikskólanum óháð tungumáli
- það styður við íslenskukunnáttu erlendra foreldra
- það verða til góð málörvandi gögn í skólunum sem öllum foreldrum er síðar boðið að fá lánuð heim til að vinna með börnum sínum
- það ýtir undir bóklestur barna og skemmtilegar samverustundir barna og foreldra við lestur, leik og spil

Foreldrar eru fengnir til að koma inn í skólann og útbúa stórar skjóður í tengslum við barnabækur. Í hverri skjóðu þarf að vera barnabók, fræðibók í tengslum við barnabókina, 4 mismunandi spil í tengslum við bókina, leikföng, brúður eða búningar tengdir bókinni, leiðbeiningar um notkun skjóðunnar, sönglög tengd henni, geisladiskur með upplestri á bók skjóðunnar og fleira. Við gerð skjóðanna fá foreldrar ítarlegar leiðbeiningar og stuðning en fá jafnframt að hafa sitt að segja um innihald skjóðunnar og eru hvattir til að leyfa sköpunargáfunni að blómstra. Foreldrar vinna saman í hópum að gerð skjóðanna og innihalds þeirra en starfsfólk skólanna aðstoðar í vinnunni. Þegar Söguskjóðurnar eru tilbúnar eru þær lánaðar inn á heimili barna skólanna, viku í senn og er ætlast til að foreldrar og börn vinni saman með viðfangsefni skjóðanna.

**6. Abstract:** Short description of the project in English, to be published on [www.uwestfjords.is](http://www.uwestfjords.is). (250-300 words) *Optional*

**Project Title:**

**Name of Grantee:**

**Abstract:**

**7. Rannsóknar- eða verkefnisskýrsla:** Inngangur, aðferðir, niðurstöður, áskoranir  
(allt að 1000 orð)

Aðdragandi verkefnisins er sá að á undanförunum árum hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað mikið í skólum sveitarfélagsins. Skólarnir hafa því verið að þróa og endurmeta starfshætti sína með þarfir þessara barna í huga og einnig foreldra þeirra.

Kennsluráðgjafi hefur verið mjög virkur í þróun nýrra starfshátta í tengslum við nemendur og foreldra af erlendum uppruna. Hún fór til Hollands haustið 2011 og kynnti sér foreldraverkefni sem Hollendingar eru að vinna, Verteltas, en Söguskjóðurnar eru byggðar á þeirri hugmyndafræði. Styrkur fékkst til að vinna verkefnið frá Þróunarsjóði innflytjendamála, verkefninu seinkaði aðeins vegna barnseignarleyfis kennsluráðgjafa, ákveðið var að vinna verkefnið í 2 lotum og var fyrra skiptið unnið í febrúar-mars 2013 og seinna skiptið í október-nóvember 2013.

Kennsluráðgjafi undirbjó verkefnið, fékk þýðingar úr hollenskri handbók Verteltas, útfærði ýmsar leiðbeiningar til foreldra í tengslum við vinnuna og bjó til eina prufu af Söguskjóðu til að nota sem fyrirmynd. Þá kynnti hún verkefnið í leikskólunum og óskaði eftir þátttakendum úr hópi starfsmanna. Þá voru kynningarbréf á verkefninu útbúin og þýdd á ensku og pólsku en þar var óskað eftir þátttakendum úr hópi foreldra í verkefnið. Í fyrra skiptið var ákveðið að vinna verkefnið 9 seinniparta á fimmtudögum kl. 16.15-18.15 (ekki hægt að vera lengur hverju sinni barnanna vegna). Í fyrstu voru fáir foreldrar sem skráðu sig til leiks og aðeins íslenskir en eftir að deildarstjórar leikskóla og fleiri fóru að ræða um verkefnið við foreldra, sérstaklega þá erlendu skráðu sig fleiri. Að lokum skráðu sig 12 í verkefnið (fyrra skiptið) og mættu 10 þeirra reglulega.

Verkefnið var unnið á leikskólanum Krílakoti. Flest öll börnin þekkja Krílakot þar sem það er yngri barna leikskólinn á Dalvík, þegar yngri börnin eldast flytjast þau yfir á Kátakat. Þegar vinnuskiptin hófust byrjaði kennsluráðgjafi á að kynna foreldrum hugmyndafræði skjóðanna og var með einn sýnipoka sér til stuðnings. Foreldrar áttuðu sig strax út á hvað vinnan gekk (óháð tungumáli). Foreldrum var síðan skipt í blandaða hópa en þeir breyttu síðan hópunum örlítið og kom í ljós að þeir sem töluðu sama tungumál vildu frekar vinna saman. Vinnuskiptin fyrri urðu 9 og foreldrar unnu hörðum höndum að því að búa til glæsilegar Söguskjóður. Ítarlegar leiðbeiningar lágu fyrir um gerð skjóðanna þannig að allir gátu tekið þátt í gerð þeirra, ekki þurfti að liggja fyrir sérstök kunnátta, sumir saumuðu, aðrir plöstuðu, klipptu út, máluðu, teiknuðu, fönndruðu, settu upp í tölvu, lásu inn á geisladisk, fengu hugmyndir, unnu texta, fundu sönglög eða hvað annað. Allir foreldrarnir voru virkir í vinnunni. Starfsfólk var mjög meðvitað um að reyna að nota íslenskuna sem mest og talaði nánast eingöngu íslensku við alla foreldrana, það aðstoðaði við textagerð og orðaval og oft fóru fram miklar umræður um íslenska málið. Vinnan sjálf var líka oft mjög íslenskuörvandi, sem dæmi voru foreldrar að búa til samstæðuspil með myndum en á þeim stóð líka orðið yfir myndina á íslensku, þeir voru

Því að tengja saman orð og mynd sem þeir síðan plöstuðu, svo dæmi sé nefnt.

Dæmi um hve sumir erlendu foreldranna blómstruðu voru nokkrar mæður sem reyndust búa yfir miklum hæfileikum á sviði saumaskaps og teiknkunnáttu/málunarkunnáttu, þær voru í lykilhlutverki í vinnunni og unnu líka hörðum höndum heima hjá sé á milli skipta. Það var ánægjulegt að sjá hvað „valdastaða“ foreldra jafnaðist út í vinnunni, t.d. þegar þær komu með afrakstur heimavinnunnar sinnar og aðrir foreldrar, t.d. íslenskir voru mjög undrandi yfir þessum hæfileikakomum sem alla jafna hafa sig lítið frammi og tala litla íslensku. Setningar eins og „þú ert algjör snillingur“ heyrðust í foreldrahópnum og maður hreinlega sá hvað fólk óx í álit hjá hvert öðru í gegnum vinnuna. Sumir foreldrar unnu líka þvert á hópa vegna sinna sérstöku hæfileika, t.d. ein móðir sem saumaði mikið fyrir alla hópana.

Við lögðum okkur fram um að gera foreldrunum auðvelt að taka þátt í verkefninu t.d. með því að bjóða upp á barnapössun, hún var skipulögð þannig að það voru alltaf ákveðnir starfsmenn leikskóla sem sinntu henni á öðru svæði leikskólans. Það var líka alltaf boðið upp á léttar veitingar meðan á vinnunni stóð, bæði fyrir börn og fullorðna en slíkt er nauðsynlegt þar sem vinnan fer fram að vinnudegi loknum. Allir foreldrarnir sem tóku þátt í verkefninu voru í vinnu en atvinnuleysi er almennt lítið á Dalvík og langflestir foreldrar útivinnandi.

Í seinna skiptið sem verkefnið var unnið gekk betur að fá foreldra inn og skráðu 20 sig á lista, 19 urðu virkir. Sumir þeirra, sérstaklega íslenskir foreldrar mættu ekki en hins vegar mættu allir erlendu foreldrarnir sem skráðu sig og nokkrir úr þeirra hópi til viðbótar sem ekki höfðu skráð sig. Við skipulagningu seinni lotunnar var ákveðið að fækka skiptunum og breyta aðeins tímasetningunum, hafa verkefnið þrjá fimmtudaga kl. 16.15-18-15 og tvo laugardaga kl. 10-13, samtals 12 klst á móti 18 klst í fyrra skiptið. Það var gert vegna þess að maður fann að foreldrar voru mjög uppteknir, börnin og allir orðin þreytt að skóla- og vinnudegi loknum og það er mikil binding að taka þátt í svona verkefni nýu fimmtudaga í röð. Foreldrar töluðu um að það væri líka fullstutt að vinna í 2 tíma í senn, maður væri rétt að byrja. Því var ákveðið að bæta inn laugardögum í seinni lotuna en hins vegar ekki eingöngu þar sem sumir foreldrar eru alltaf uppteknir um helgar eins og kom á daginn (auk þess voru foreldrar sem gátu ekki tekið þátt um helgar af trúarlegum ástæðum).

Núna eru Söguskjóðurnar komnar í umferð/útlán, bæði nota leikskólakennarar þær í starfinu með börnum og eins eru þær lánaðar heim til foreldra og barna í eina viku í senn. Mikil ásókn er meðal allra foreldra í að fá skjóður heim og mikil ánægja með þær. Foreldrar skrifa og segja frá reynslu sinni af því að fá skjóðurnar heim og eru við að fá mjög jákvæðar umsagnir um þær. Skjóðurnar ýta undir örvandi og skemmtilegar samverustundir barna og fullorðinna.

Helstu áskoranir:

- Helstu áskoranirnar sem við glímdum við voru að fá foreldra inn í verkefnið. Við lærðum það að það skiptir öllu máli að tala persónulega við foreldra og segja þeim að við viljum gjarnan fá þá inn í vinnuna. Eins skiptir máli að fá foreldra til að taka þátt í að kynna verkefnið og safna fleiri þátttakendum.
- Tímasetningar verkefnisins voru líka áskorun þar sem foreldrar eru svo uppteknir. Við styttum það aðeins í seinna skiptið en fundum að það var fullstutt að hafa bara 12 klst og myndum vilja fjölga stundunum aðeins, kannski í 16 stundir.
- Við náðum engum feðrum inn í verkefnið, þó voru a.m.k. 2 sem unnu heima og konurnar þeirra komu með frábær gögn frá þeim (heimasmíðað spil og spil sem búið var til í tölvu). Þá var greinilegt að mæðurnar voru að segja mönnum sínum frá þessu og þeir fengu líka hugmyndir. En karlmennirnir voru mjög ósýnilegir í vinnunni.
- Í seinna skiptið hefðum við mátt fá fleiri íslenska foreldra inn, þeir skráðu sig en svo

mætti bara helmingur þeirra. Við sáum að við höfðum lagt alla áherslu á að ná inn erlendum foreldrunum en gerðum bara ráð fyrir að þeir íslensku mættu, við höfðum ekki rætt eins mikið persónulega við þá og hina erlendu. Maður á mann samskipti við þátttakendur áður en verkefnið hófst skiptu greinilega öllu máli. Verkefnið var alltaf hugsað sem blandað foreldraverkefni, ekki eingöngu fyrir erlenda eða íslenska foreldra.

- Fjármögnun verkefnisins, við höfum mikinn áhuga á að halda áfram með verkefnið og vinna það í einni lotu á ári í leikskólunum en þurfum að fjármagna það.
- Það skiptir miklu máli að eldhugar starfi að svona verkefni, bæði í að ná foreldrum inn í vinnuna og eins í sjálfri vinnunni með foreldrum. Við sáum að það var mjög misjafnt hvernig starfsfólk verkefnisins vann, sumir voru lítið að tala við foreldrana (í fyrri lotunni) og meira að fönðra sjálfir á meðan aðrir voru bara að styðja við foreldra í vinnunni og tala við þá. Þetta fór um við yfir fyrir seinni lotuna og þá var allt starfsfólk meðvitaðra. Grunnskólinn var með í seinni lotunni en þar skiluðu bæði foreldrar og starfsfólk sér ekki alveg nógu vel inn í verkefnið..

#### **8. Mat á verkefni:** Telurðu að verkefnið hafi náð tilætluðum árangri? Hvernig var verkefnið/rannsóknin metið?

Foreldrar fylltu út matsblöð með nokkrum spurningum að verkefninu liðnu, þar kom fram mikil ánægja með verkefnið og allir voru tilbúnir að taka þátt í svona verkefni aftur. Samkvæmt matsblöðunum voru foreldrar ánægðastir með að taka þátt í skapandi vinnu, skemmtilegu verkefni og að kynnst öðrum foreldrum. Helstu ókosti verkefnisins töldu þeir vera tímasetningar á vinnufundunum (fyrst var það alltaf á fimmtudögum á milli 16.15 og 18.15 en svo ýmist á þeim tíma á fimmtudögum eða á laugardögum kl. 10-13) og eins hvað það var unnið stutt í einu þegar um var að ræða 2 klst. í senn.

Starfsfólk fyllti líka út matsblöð og þar kom fram mikil ánægja hjá þeim sem tóku mestan þátt.

Í raun gekk verkefnið framar vonum, við áttuðum okkur kannski ekki á hvað það var þýðingarmikið fyrr en um miðbik verkefnisins þegar erlendir foreldrar, jafnvel með litla kunnáttu í íslensku blómstruðu mikið, óháð tungumáli og áhuginn á að leggja verkefninu lið var slíkur að margir foreldrar unnu mikið í því heima á milli skipta, árangurinn varð því mun meiri en við lögðum upp með. En það voru líka íslenskir foreldrar sem lögðu sig mikið fram í verkefninu og unnu heima, í raun voru allir foreldrar jafnmikilvægir.

Í seinna rennsli verkefnisins hafði það spurst meira út og auðveldara var að fá foreldra inn í vinnuna, því má segja að verkefnið hafi svolítið kynnt sig sjálft. Við erum þegar farin að fá spurningar um framhald verkefnisins.

Við veltum fyrir okkur hvort verkefnið eigi meira erindi til leikskólaforeldra en mikill meirihluti foreldra var af leikskólastiginu þó margir hafi átt börn á báðum skólastigum. Hins vegar getur líka verið að grunnskólinn sem var með í seinna skiptið hafi ekki náð að kynna verkefnið jafnmikið til að fá foreldra inn, þar eru ekki dagleg bein samskipti við foreldra eins og í leikskóla í því aðeins flóknara að ná til foreldra. Það var líka slakari mæting starfsfólks grunnskólans í verkefninu þannig að kannski var starfsfólk leikskóla meira meðvitað um að fá foreldrana inn í þetta og kynna verkefnið.

Við lærðum líka á verkefninu hvað barnapössunin hafði mikið að segja um að foreldrar gætu tekið þátt. Hún var mjög vel nýtt og við þurftum að bæta við mannskap í barnapössun þegar leið á verkefnið. Foreldrar höfðu líka á orði hve gott væri að boðið væri upp á barnapössun.

**9. Kynning á verkefni:** Hvernig hefur verið staðið að kynningu verkefnisins/rannsóknarinnar?

- Verkefnið var kynnt á morgunverðarfundum um menntun innflytjenda á vegum Menntamálaráðuneytisins í Reykjavík, 3. maí 2013 <http://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/morgunverdarfundur-um-menntun-innflytjenda-3.-mai/>
- Verkefnið var kynnt á vörðstefnu HA á Akureyri 13. apríl.
- Upplýsingar um verkefnið hafa verið kynntar á heimasíðum leikskólanna Krílakots og Kátakots. <http://www.dalvik.is/krilakot/7234/Soguskjodur/default.aspx>
- Verkefnið hefur verið kynnt á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.
- Kynning á verkefninu verður á sjónvarpsstöðinni N4 <http://www.n4.is/is/taettir/file/view/54/2>
- Kynning á verkefninu var í tímaritinu Nordurslóð vorið 2013.
- Verkefnið hefur verið kynnt við ýmis tækifæri, t.d. þegar gestir úr öðrum sveitarfélögum koma í starfstengdar heimsóknir, fulltrúar frá Símenntunarstöð Eyjafjarðar fengu kynningu, verkefnið var kynnt pólitískum ráðum sveitarfélagsins og ýmsum fleirum.
- Grein um verkefnið verður skrifuð í Skólavörðuna.

**10. Fjárhagsuppgjör verkefnisins** (Til dæmis laun, rekstrar- og skrifstofukostnaður, ferðakostnaður, útgáfa, prentun o.s.frv.)

Kostnaðarliður*	Upphæð
Veitingar	37446
Efniskostnaður	89697
Laun	592757
Þýðingar	11000
Laun v. undirbúnings/umsjón	
<b>Mótframlag**</b>	
Laun	677698
<b>Samtals heildarkostnaður við verkefni</b>	<b>1408598</b>

\* Frumrit eða ljósrit af kvittunum fylgi með.

\*\* Mótframlag þarf að vera a.m.k. 25% af heildarkostnaði verkefnis.

**11. Skrá yfir fylgiskjöl ef við á**

Söguskjóður, myndir úr vinnunni
Reikningar, útprentanir og nótur v. Söguskjóða
Nokkrar umsagnir úr mati á Söguskjóðum

Lokaskýrsla þessi er fyllt út í samræmi við reglur sjóðsins um úthlutun styrkja, en þær eru að finna á heimasíðu velferðarráðuneytisins.

---

Dagsetning

---

Ábyrgðarmaður umsóknar

**Lokaskýrslu skal skila til Háskóla­seturs Vestfjarða  
í tölvupósti til [pernilla@uwestfjords.is](mailto:pernilla@uwestfjords.is)**